

Ice Cup 2014 - keppnisreglur

1. Keppnisfyrirkomulag

Liðin verða í upphafi dregin í þrjá riðla (8 í bleika, 6 í græna, 6 í rauða).

Tvær umferðir eru spilaðar innan riðlanna á fimmtudegi. Síðan eru liðin sameinuð í einn pott og þeim raðað áður en lið eru pöruð fyrir leiki þriðju umferðar. Öll liðin spila einn leik síðdegis á föstudegi. Eftir þriðju umferð er liðunum raðað og þeim skipt í A-deild (6 lið), B-deild (6 lið) og C-deild (8 lið). Leikin er ein umferð í viðbót innan deildanna á laugardagsmorgni.

Liðum er raðað eftir stigum, síðan unnum umferðum, síðan skorudum steinum. Í hverjum leik fær lið andstæðing sem er næst því í röðinni, eins og kostur er.

Leikir um verðlaun:

1-2 í A-deild leika um gullverðlaun í aðalkeppninni

3-4 leika um bronsverðlaun í aðalkeppninni

1-2 í B-deild leika um B-deildar verðlaun.

1-2 í C-deild leika um C-deildar verðlaun.

2. Leikir

Leikirnir eru 7 umferðir. Jafntefli eru leyfð. Sigur gefur tvö stig, jafntefli eitt stig. Leika þarf allar sjö umferðirnar nema bæði liðin séu sammála um að hætta leik. Hafið þó í huga að röðun liða getur ráðist af fjölda unninna umferða eða skoraðra steina.

Verðlaunaleikir eru átta umferðir.

3.

Að öðru leyti er leikið skv. krullureglum Alþjóða krullusambandsins, WCF.

